

AUGLÝSING

um deiliskipulag „Skólar 1“ á Reyðarfirði, Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 5. febrúar 2004 samþykkt deiliskipulag „Skólar 1“ á Reyðarfirði. Deiliskipulagið tekur til lóða grunnskóla og spennistöðvar við Heiðarveg og íþróttahúss við Melgerði.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. febrúar 2004.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landbótasjóð Búnaðarfélags Svínavatnshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landbótasjóður Búnaðarfélags Svínavatnshrepps. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Lögheimili sjóðsins er að Dalsmynni Svínavatnshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Svínavatnshreppi fyrir framlag Landsvirkjunar samkvæmt samningi sveitarfélagsins og Landsvirkjunar dags. 20. mars 2003 um eingreiðslu vegna áburðargjafar og uppgræðslumála sem kveðið er á um í samningi sömu aðila frá 15. mars 1981 vegna Blönduvirkjunar.

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 55.000.000 – krónur fimmtíuogfimmilljónir/100 – og greiðist með eftirfarandi hætti:

Við stofnun sjóðsins kr. 600.000.

Þann 1. mars 2004 kr. 54.400.000.

Bundið stofnfé í sjóðnum er kr. 600.000.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint stofnframlag.
2. Frjáls framlög lögaðila og einstaklinga.
3. Vextir og arður af eigin fé.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að veita framlög og standa fyrir uppgræðslu og landbótum innan núverandi sveitarfélagsmarka Svínavatnshrepps. Verði mörkum Svínavatnshrepps breytt eða sveitarfélagið sameinað öðrum skal það ekki breyta starfssvæði sjóðsins.